

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Efni: Athugasemdir Landssamtaka landeigenda á Íslandi við frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, með síðari breytingum (uppbygging ferðamannastaða), mál 219.

Boðuð lagabreyting kveður á um að eftirfarandi breyting verði gerð á 7. gr. laga nr. 138/2011.

1. gr.

Uppbygging ferðamannastaða.

Heimilt er sveitarstjórnnum að leyfisskylda og innheimta leyfisgjald fyrir fénytingu náttúruvyrirbrigða og ferðamannastaða enda renni féð til uppbyggingar ferðaþjónustuinviða sem stuðlar að sjálfbærri nýtingu þeirra staða sem leyfisskyldir eru.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd leyfisveitingarinnar.

Landssamtök landeigenda á Íslandi gera í sjálfu sér ekki athugasemd við að sveitarstjórnarlögunum sé breytt en landssamtökin telja rétt að vekja athygli á því að með þessari lagabreytingu er samkvæmt orðanna hljóðan einungis verið að færa vald til að veita leyfi og innheimta leyfisgjald vegna hverskonar tekjutengdrar starfsemi á ferðamannastöðum úr höndum ríkis til sveitarfélaga. Breytir þetta engu um rétt landeigenda til þess að nýta land sitt í atvinnuskyni þar með talið til ferðamennsku. Við meðferð þessa valds verða sveitarfélögin auðvitað að gæta jafnræðis og meðalhófs. Ef sveitarfélag neitar að gefa út leyfi getur það þannig varðað bótaskyldu þess. Leyfisgjöldum verður að stilla í hof og líta til annara gjalda sem leyfishafi kann að þurfa að gjalda. Landssamtökin telja fráleitt að leyfi verði veitt öðrum en þeim sem hafa ráðstöfunarrétt yfir landinu en slíkur réttur fæst ekki nema með samþykki landeigenda og skiptir þá engu þó svo að ætluð innheimta eigi að renna til uppbyggingar ferðaþjónustuinviða og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra.

Greinargerð.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram auk heimildar til sveitarfélaga til innheimtu nokkurs konar náttúruverndargjalds, að því sé ætlað að færa ábyrgð á ferðamannastöðum og náttúruvyrirbrigðum til sveitarstjórna. Landssamtök landeigenda á Íslandi fagna því ef markmið frumvarpsins er að færa forræði náttúruvyrirbrigða og ferðamannastaða sem nú eru á forræði og í umsjá ríkisins til sveitarfélagana og þar með eins og segir í greinargerð með frumvarpinu, „til þeirra sem næst þeim búa“, það eitt og sér hlýtur að vera mjög jákvætt og til hagsbóta fyrir viðkomandi staði.

Ekki verður séð að fyrrnefnd lagabreyting myndi er af verður, leysa af hólmi markmið frumvarps til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og þaðan að síður myndi hún leysa úr þeim vanda að ekki hefur tekist að nýta fjármagn sem eyrnamerkt hefur verið til uppbyggingar náttúruvyrirbrigða og ferðamannastaða til þeirrar uppbyggingar sem því var ætlað. Hér verður að gera greinarmun á landi sem annars vegar er í eigu og umsjón ríkis og sveitarfélaga og hins vegar í eigu og umsjón einkaaðila. Landssamtök landeigenda á Íslandi hafa áður bent á að líklegasta ástæða þess að ekki hefur tekist að nýta umrætt fjármagn er krafa ríkisvaldsins um mótframlag, en ekki skortur á skipulagi eða verktökum.

Landssamtök landeigenda á Íslandi ítreka að ekki verður séð að fram komið frumvarp breyti nokkru um réttarstöðu landeigenda né hafi áhrif á rétt þeirra til að njóta arðs og fullra umráða yfir landi sínu.

7. mars 2016.

F.h. stjórnar Landssamtaka landeigenda á Íslandi.

Örn Bergsson, stjórnarform.